

153. löggjafarþing 2022-2023.

Þingskjal 685 -543. mál.

Umsögn: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011

(stuðningur við einkarekna fjölmiðla)

Allsherjar-og menntamálanefnd

Alþingi.

Efni: Umsögn Saganet-Útvarps Sögu (Útvarp Saga) vegna máls nr. 543 um stuðning við einkarekna fjölmiðla.

Fjölmiðlar eiga ekki að þurfa að vera háðir ríkisvaldinu með fjárframlögum til þess að gegna hlutverki sínu m.a. með því að veita ríkisvaldinu aðhald. Ef löggjafinn á hinn bóginn ákveður að farin verði sú leið sem mælt er fyrir um í frumvarpinu eiga allir fjölmiðlar að standa jafnt að vigi í lagalegu tilliti.

Fjölmiðlar þurfa og verða að starfa óháðir ríkisvaldi. Úthlutun ríkisstyrkja til fjölmiðla dregur úr trúverðugleika þeirra, þar sem atvinnuhagsmunir blaða-og fréttamanna og afkoma þeirra hjá einkareknum fjölmiðlum eru óhjákvæmilega tengd og háð fjárframlagi opinberra aðila. Slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að skapa tortryggni og bíður uppá frændhygli. Jafnframt er óeðlilegt að ríkisstjórn geti tryggt sér vinsældir hjá fjölmiðlum sem fá ríkisstyrki.

Það er afar mikilvægt að fjölmiðlar geti starfað sjálfstætt í heilbrigðu samkeppnisumhverfi án hindrana. Hindranir geta verið tilkomnar vegna lagaóvissu um samkeppnisskilyrði og eða vanrækslu yfirvalda að vinna gegn mismunun samkvæmt reglum EES . Hér á landi eru verulega hindranir á auglýsingamarkaði fyrir einkarekna fjölmiðla vegna forréttindastöðu RUV sem fær lögbundinn nefskatt frá skattgreiðendum og hefur jafnframt sterka stöðu á auglýsingamarkaði.

Nefskattur RUV var ákveðinn á árinu 2008 og var félagiforminu breytt í ohf. eða opinbert hlutafélag. Þessi breyting á rekstrarfyrirkomulaginu hefur í för með sér, að rekstrarform og starfsemi RUV er falin og ógegnsæ.

Útvarp Saga er andvíg þessu frumvarpi, sem viðheldur óheilbrigðu samkeppnisumhverfi einkarekinna fjölmiðla og viðheldur forréttindastöðu RUV á fjölmiðlamarkaði.

II.

Í greinargerð frumvarpsins segir, að meginefni frumvarpsins og markmið sé að styðja við einkarekna fjölmiðla. Fjölmiðlar eru hornsteinn lífsgæðis. Fjárstuðningur ríkisins á að geta gert þeim kleift að sinna hlutverki sínu.

Útvarp Saga hefur bendir á allt frá árinu 2006, að til þess að leysa fjárhagsvanda einkarekinna fjölmiðla sé eðlilegt að nefskattur í núverandi mynd verði aflagður sem tekjustofn til RUV. Þess í stað verði tekið upp fjölmiðlagjald eða þjónustugjald sem allir leyfisskyldir og skráðir fjölmiðlar, þar með talið RUV, hefðu möguleika á að fá lögbundnar tekjur. Allir landsmenn, sem nú greiða nefskatt, gætu þess í stað greitt þjónustugjald til þess fjölmiðils sem skattgreiðandi sjálfur ákveður ár hvert.

RUV er ekki lengur í sérstöðu sem fjölmiðill. Forréttindastaða RUV var viðurkennd m.a. í öryggisskyni og til þess að tryggja að mismunandi sjónarmið væru til umræðu og kæmu fram í dagsljósið. Má í því sambandi nefna að Sýn fer með öryggishlutverk RUV þar sem Sýn dreifir efni RUV um land allt samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.

Útvarp Saga leggur áherslu á að farið sé eftir samkeppnisreglum EES-samningsins við ákvarðanir ráðherra sem lúta að rekstrarlegu umhverfi fjölmiðla á Íslandi. RUV á ekki að vera með undanþágu frá samkeppnisreglum EES-samningsins og vera samtímis með nefskatt og starfa á auglýsingamarkaði. Til þess að tryggja jafnræði og fara eftir EES-reglum er rétt að leggja niður nefskatt þann sem RUV hefur sem tekjustofn í dag umfram aðra fjölmiðla.

III.

Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að vegna þeirra tæknibreytinga og samfélagsmiðla, þá renni auglýsingafé í auknum mæli til erlendra aðila. Útvarp Saga telur nauðsynlegt að brugðist verði við þessu. Eðlilegt væri að fjölmiðlar á Íslandi fái að sitja við sama borð og erlendir fjölmiðlar. Fyrir liggur að einkareknir fjölmiðlar ásamt RUV starfa í almannabágu og uppfylla þeir því skilyrði um að virðisaukaskattur sem lagður er á auglýsingasölu innanlands verði aflagður til jafns við þá erlendu fjölmiðla sem eru hér á sama markaðssvæði samkvæmt ákvæðum EES-samningsins.

Reykjavík 9. Janúar 2023

f.h. Saganet- Útvarps Sögu ehf

Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri

